

Samantekkt Pælinga 2023



Margt er sagt og til fólk sem að sjá trúir því sem sagt er sem það heyrir í sín eyru og segir öðrum frá sem sjálf tekur andköf og segir frá og sér fólk að taka samskonar andköf og það sjálft gerði. Með þessum hætti breiðir hvaða auma sögusögn úr sér og fer í dag hreint rosalega hratt yfir með hjálp veraldarvefs, símtækja og allra síðnanna sem einstaklingar eru með og daglega nota með einum og öðrum hætti sem öndvert hundruð milljóna manna víða um heim eru að lesa og einhverjir staldra við og jafnvel trúa sjálfir og taka samskonar andköf og sá og sú sem fyrst heyrði. Og ein allsherjar risastór andköf berst um Netheima.

Um þetta atriði þó, hver trúir hverju, er afskaplega erfitt að geta sér neitt til um því ekki trúa allir öllu sem fólk er að segja og berst þeim til eyrna og er fólk með gagnrýna hugsun sem miðar við einhvern grunn og er myndin af að gagnrýnin hugsun sé þarna til staðar og að hvert og eitt okkar þarf sjálft að temjast við og um leið aðhyllast og vita að ef einn getur tamist við gagnrýna hugsun geti annar það einnig.

Öll vönduð eintök af manneskju venur sig á þessa gagnrýna hugsun og ávinnur sér traust fólks í kring. Vaðall og að rjúka af stað með sögu kemur frá fólk sem endalaust rápar húsa á milli og hvergi festir rætur. Án þess ég viti vissu mína hér leyfi ég mér þó að gera ráð fyrir að Guð vor kalli slíkt fólk heimskingja. Gott að hafa sumt í huga og ígrunda reglulega með sér sjálfum og gera eftirleiðis sjálfur rétt frammi fyrir Guði.

Samt fer sagan af stað og oft af hreinum misskilningi sem einhvernvegin viðhelst á röngum stað.

Hef svo sem sjálfur lent í smá gusti af þessu og get bent á eitt atvik mér sjálfum tengt sem ég ræddi eitt sinn við aðila um sem þá deildum saman húsnæði með sameiginlegu eldhúsi og salerni, eins og algengt er að gert sé í dag, þar sem ég lýsi eigin skoðun minni við þennan einstakling á hvernig ég sjálfur vildi hafa þetta og væru aðstæður sem mér líkaði sjálfum betur við, svona privat, en þær sem ég þá bjó við leyfðu. Þý reyndar ennþá við þær. Í raun vafðist aldrei neitt fyrir mér hvernig nákvæmlega fyrirkomulagið er. Sem ég og auðvitað samþykki með veru minni á staðnum en breytir ekki hinu að sjálfur vildi ég frekar hafa þær með öðrum hætti með mitt eigið eldhús, eigin snyrtingu og þvottavél sem ég einn hef aðgang að. Og það allt. Meira þessu var þetta nú ekki. Og hvað er rangt við svona tal? Bendið mér á! Ekkert auðvitað.

Vitaskuld var aldrei inn í myndinni né til í dæminu að meina öðrum íbúum aðgang að eldhúsinu með neinum hætti. Skárra væri nú. Aðeins kjáni reynir slíkt, sem ég er ekki. Enda til að byrja með bara venjulegt tal milli tveggja einstaklinga í góðu tómi. Vinartal? Vissulega. Samt að sjá spannst af sögunni, svo sem út frá mínum eigin orðum, annar skilningur en ég sagði og innihald allt talsvert mikið annað en ég hugsaði þetta og veit best hvernig uppkastið lítur út. Hef svo sem ekkert verið neitt að elta ólar við ruglið og leyft mönnum að bulla eins og þeir sjálfir hafa viljað.

Sumt, kæru vinir, leyfir maður sér ekki og velur að virða reglur hússins og rétt annarra leigjanda til sama og maður sjálfur, en má samt alveg hafa skoðun á að reglur séu haldnar. Er það annars ekki? Auðvitað. En svona eru sögurnar. Og hver heldur þessu á lofti? Ekki ég. Svo mikið veit ég. Hef reyndar alltaf fundist þetta einkar fyndið og sýna mér svo vel alla staðleysuna sem stundum gengur um á meðal okkar. Allt af tómun misskilningi. Og eða beinni illsku.

Annars er eitt erfiðasta verkið að alhæfa hér nokkurn skapaðan hlut vitandi þann sannleika að fráleitt trúa allir sér hverju orði sem út af munnni annara manneskju gengur. Ég er einn þeirra og einn fær um að veða og meta fyrir sjálfan mig. En með þeim hætti er stundum talað og að sjá allir færðir undir hattinn “Auðtrúa fólk”- þó fátt sé ósanngjarnra. Líklegt er að sá trúgjarnasti meðal okkar sé það vegna þess að vera með sig sjálfan á vondum stað í lífinu. En hver er hann? Þú? Ég? Hver? Engin svör. Menn hafa ekki grænan grun. Þeir heyra bara sögurnar.

“2Mósebók. 20. 18-21. Allt fólkið sá og heyrði þrumurnar, eldingaleiftrín, hornablásturinn og rjúkandi fjallið. Þegar fólkið sá þetta skalf það af ótta og stóð langt frá. Fólkið sagði við Móses: „Tala þú við okkur og við munum hlýða en lát Guð ekki tala við okkur svo að við deyjum ekki.“ Móses sagði við fólkið: „Óttist ekki. Guð er kominn til að reyna ykkur til þess að ótti hans sé ykkur fyrir augum og þið syndgið ekki.“ Fólkið stóð langt frá en Móses nálgast skýsortann þar sem Guð var.“-

Hér tel ég okkur vera komna að ákveðinni kúvendingu í samskiptum Guðs og manna sem gildi til dagsins í dag. Eftir þennan atburð við rætur fjallsins sé ég að minnsta kosti koma fram bæði predikarann sem talar Orð Guðs og kennarann sem fræðir um Orð Guðs sem stíga fram í Guðs nafni og eftir komu Jesús, í Jesús nafni og flytur fólkinu boðskapinn. Atgangurinn kringum fjallið sem Guð stóð á gerði að verkum að allt fólkið varð logandi hrætt. Hugsuð ykkur þessi svakalegu röngu viðbrögð fólks við góðum Guði og ímyndið ykkur hvar menn eru á vegi staddir eftir syndafallið sem birtast þarna við rætur fjallsins. Hræðsla og kvíði vegna Guðs, sem við vitum að bara elskar. Sjá ekki allir hvernig sumt er algerlega komið úr takti við vilja Guðs?

Hvað nema sjálft sig og eigin viðbrögð er Guð að sýna fólkinu þarna við fjalls ræturnar og hvar það raunverulega standi gagnvart Guði sínum? Og hvar stóð það á þessu andartaki lífs síns? Birtist ekki svarið í öllum þessum ofsafengnu viðbrögðum flestra á staðnum? Og meira! Einnig í grátbeiðni fólksins til Móses um að hann varnaði þess að Guð talaði meira til þeirra og að Móses sjálfur flutti því Orð Guðs, en ekki Guð sjálfur. Er ekki slík beiðnin fólks harla einkennileg og beint svar til þeirra um að sumt af því þekki ekki Guð? Sá sem þekkir Guð eins og þekkinga ber fyllist ekki undireins skelfingu vegna sama Guðs, þó máski kringumstæður séu harla einkennilegar, eins og þær stundum eru? Horfum til Móses, sem upplifði allt þetta, að þar ber á ekki minnsta ótta vegna sjálfs Guðs. Af hverju? Nú, það liggur fyrir. Móses þekkir Guð sinn og Guð þekkir Móses. Engin önnur skíring er til hér. Við þurfum að þekkinga Guð. Og þar skilur á milli í afstöðu hjá Móses og afstöðu obba fólksins við fjalls ræturnar.

Ef við förum aftur til upphafsins og stöldrúms stundarkorn við í Aldingaröðinum Eden að hvað sjáum við þá? Hvað nema mynd af nánu samfélagi Adams við Guð og hann hreint ofur spenntan og kátan eftir þessum frábæra hittingi framundan, eins og sagt er í dag. Hvar í ferlinu

sjáum við minnsta vott um ótta Adams er Guð og hann ganga saman í kvöldsvalanum, og síðar Adams og Evu, eftir að hún er kölluð til sögunnar? Hvergi nokkurstaðar. Sjáum við ekki glögggt gríðarleg umskipti orðin af áhrifum syndarinnar á líf fólk sem öldum seinna stendur við fjallið þar sem Móses og Guð spjalla saman og er sjálft beinlínis að deyja úr skelfingu?

Þarna tel ég að Guð skipti svolítið um gír og að eftir þessa stund, þarna við fjallið, komi fram stétt manna og kvenna sem við nú um stundir köllum „Predikara og kennara.“- Sjálfur er ég viss um, fullyrði samt ekki, að með þeim hætti var málið ekki hugsað af Guði heldur að hann með beinum hætti væri aðilinn sem talaði, alveg eins og var þarna á fjallinu er hann flutti fólkinu Boðorðin Tíu: „Þú skalt ekki“- og svo framvegis. Þetta gerir hann vissulega en í gegnum það fólk sem hann sjálfur hefur kallað og útvalið til að predika og kenna og við í dag þekkjum sem „Fræðara lifandi Guðs.“- Blessað fólk. Engin vafi er á að Jesús sé til staðar allstaðar þar sem Orð Guðs er flutt en samt ekki eins og var á fjallinu er rosalega skelfingunni greip í fólkið.

Veit ekki hver staðan er í dag en lengi vel var til siðs er efnt var til atkvæðagreiðslu í verkalýðs- og eða sjómannafélagi (félögin sem ég þekkti til í) um gerða kjarasamninga stéttanna að örfátt félagsfólk kom og greiddi samningum atkvæði. Allt var samt gert samkvæmt reglum og lögum í ranni sjálfra félaganna og útbúin tilkynning og hún birt í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi og félagsmenn hvattir til að mæta og gefa samningnum sitt atkvæði. Ekkert slíkt getur þó gerst mæti félagsmenn ekki á staðinn til að notfæra sér rétt sinn. Heitir líka: „Að hafa áhrif.“-

Allskonar er í gangi er kemur að svona málum og til í dæminu að gengið sé í að smala fólki á staði til að kjósa og jafnvel skrá inn nýliða daginn fyrir kosningu. Sem auðvitað er ekkert nema fantabragð tapsárs í hefndarhug sem áttar sig ekki á að tími sinn í embætti sé liðinn. Allskonar kemur upp og heiðarleikanum ekki alltaf til að dreifa. Engin ný frétt sögð hér. Kirkjan glímir stundum við svona þvælu.

Á meðan maður en starfaði og var ýmist skráður sem gildur meðlimur sjómannafélags- eða verkalýðsfélags, fór eftir starfsvettvanginum, tilheyrði maður þessum verkalýðs félagsskap.

Og líka þá var samið um kaup og kjör og samningar félaganna lagðir fram fyrir félagsmenn eftir fundarboð sem oftast fór fram í aðstöðu félaganna sjálfra og félagsmenn hvattir til að mæta og allt gert til að minna á hvað væri í gangi.

Sjálfur minnst ég þess ekki að hafa komið við á skrifstofu verkalýðs- eða sjómannafélags í aðdraganda kjarasamninga sem maður þó var skráður í. Fór eftir hvort starfsvettvangurinn væri verkamanna- eða sjómannastarf. Hætti allri sjómennsku 1986 og hef vart stigið á skipsfjöl frá þeim tíma en fylgist enn í dag nokkuð með þessu. Sem er annað mál.

Hér má sjá vanda á ferð í félögunum og birtast í dræmri þátttöku félagsmanna og trega til að taka þátt í því sem gerist innan vébanda félaganna. Þúsundir og aftur þúsundir félagsmanna eru skráðir í þessi félög en kannski tvo prósent eða þrjú prósent félagsmanna mæta hvort sem er til að skoða uppkast nýrra kjarasamninga og aftur er þeir eru tilbúnir til undirritunar og framkvæmdar og komið að því að kjósa um þá og gera að þessum kaupsamningi sem gildir tiltekin tíma. Nú eða þeir eru felldir. Bæði í boði.

Á þessum fundum er yfirleitt nóg sætaframboð í sal sem ein kaffiuppáhelling dugir í og annar brúsi gerður klár. Ef ske kynni. Seinni uppáhellingin fer oftast í vaskinn í fundarlok. Niðurstaðan samt er fullkomlega lögleg. Til venjulegs fundar var boðað eftir öllum löglegum leiðum og félagsmenn látnir vita hvað væri að gerast í ranni Verkalýðsfélagsins, nú eða Sjómannafélagsins, ætti það í hlut. Í ljós kom að félagsmenn: „Æ, nenntu ekki að rífa sig upp af heimilinu til að kjósa.“- Og nákvæmlega þetta hefur verið vandinn.

Að bera á borð að samningar hafi verið samþykktir með bara örfáum fjölda félagsmanna er ósanngjörn nálgun og meðferð og vanþekking. Engan mann er hægt að skikka til að koma og greiða atkvæði um eitt né neitt, jafnvel honum tengdum, vilji hann þetta ekki sjálf/ur.

Flestir samningar um kaup og kjör sem ég þekki til eru samþykktir, nú eða er hafnað, af broti skráðra félagsmanna og hefur alltaf verið Akkilesarhæll íslenskrar kjarabaráttu. Og er svo enn.

Stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands sem ítrekað hefur verið gripið til undanfarna mánuði, og öllum, flestum, hrýs hugur við, er afskaplega mikilvæg aðgerð yfirvalda að því leyti til að draga hratt úr umfangi peninga í umferð. Hækkun stýrivaxta nefnilega eykur kostnað allan í samfélaginu sem öndvert bitnar á mér og þér á meðan enn er verið að reyna að ná Verðbólgunni niður og koma jafnvægi á fjármálamarkaði og er enn ein hringrásin í veruleika nútímapjóða.

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans, hann einn ræður ferðinni á þessum vettvangi, fær slegið á viðurstyggðina "Verðbólga" af þeirri ástæðu helstri að hafa einn vald til að draga úr umfangi peninga í umferð hverju sinni í samfélaginu, sem uppi staðið skiptir öllu máli er kemur að svona atriði. Allt peningamagn í umferð ræður meira en flestir átta sig á um endanlega stöðu verðbólgu. Hærri stýrivextir segja mér og þér að minna sé keypt og selt af drasli og gleri í verslunum. Sem við það vitaskuld kvartar sáran. Og er hægt að skilja viðbrögðin. Kann verslunin enda öðrum betur að bera fram kvenstafi. Og gerir með hreinni þryði. Enda fagmaðurinn besti. (Grín.)

Að endingu næst betra jafnvægi á í peningamálum, til að mynda íslendinga, og möguleikar fyrir lægri verðbólgu eru komnar fram. Og hver veit ekki að aðstöðu þarf fyrst að búa til fyrir

breytingar. Fullt hús hefur skiljanlega ekkert pláss fyrir neinar fyrr enn allskonar ónauðsynlegt dót hefur fyrst verið fjarlægð úr því.

Gott er öllum að að vita og skilja í hverju mál liggi. Og möguleikarnir á að vilja vera með aukast. Ekkert er mikilvægara verðbólgu sem draga á úr en fólk sem slær taktinn með, til að mynda, Seðlabanka Íslands. Og um leið auðvitað íslenskum yfirvöldum.

Neytandinn og öll viðbrögð hans skipta sem sjá má máli er kemur að verðbólguþraugnum og vinnunni við að hrekja hann öfugan til hafs og halda þar.

Skilningur fólks á hvernig sumt virkar vegur þyngst í allskonar opinberum verkefnum. Landsmenn sjálfir, sem sjá má, skipta mestu máli hvert sem litið er. Enda sjálf þjóðin.

Tel að verðbólgan nú sé að stærstum parti rekjanleg til Covid- faraldursins árin 2020 til ársins 2022.

Á þessu tímabili grípur Ríkisstjórnin til réttra ákvarðanna og veitir fé úr Ríkissjóði yfir til almennings, og á eftir til erlendra lántaka. Til að fá brúað bilið í öllu þessu allsherjar stoppi allra verka og þátta samfélagsins sem engin þá veit hve langt yrði.

Þegar svo allt er aftur farið af stað og hjól samfélagsins aftur að snúast kom að sjálfsgöðu að skuldadögum sem ég tel að þjóðin glími núna við, í formi verðbólgu.

Man aldrei eftir neinum kveinstöfum í röðum almennings vegna inngripa Ríkisins á þessum árum né að nokkur maður kvartaði vegna aðgerða þess á þessum tíma og að allir væru bara bærilega sáttir með þær vegna uppkomna aðstæðna sem engin lifandi maður réð neinu um en lenti mitt inn í.

Er kom að skuldagögunum heyrir maður upprekin rammakvein frá hægri til vinstri ásamt allskonar yfirlýsingum um dýrtíð og ástand uppundir vesöld. Að sjá er sælla að taka erlend lán en greiða erlend lán.

Stundum er þetta allt saman svolítið ögufrúnið hjá okkur blessaða fólkinu af ástæðunni að sjá skammt fram á við og muna stutt aftur í tímann.

Oft gætti talsverðs kæruleysis í röðum sjómanna hér á árum áður um margt. Allt af völdum vanþekkingar á til að mynda stöðugleika skipa. Menn gerðu allskonar til auðvita léttu sér vinnuna en kannski réðust með þeim hætti gegn stöðugleikanum sem hverju skipi er gefið og ætlast til að áhafnir skipanna virði. Strangt til tekið er um lífið sjálft að tefla ráðist menn á stöðugleikann. En hversu oft var ekki nákvæmlega þetta gert? Margsinnis, fullyrði ég.

Þegar skip er smíðað þurfa hlutföll öll að virka og vera rétt bæði til að skip halda jafnvægi og standist öldurót og velting af völdum öldu sem stundum er risavaxnar og eftir því kröftugar. Skipi sem rétt er smíðað á að standast allt svona. Og líka gerir. Skip er ótrúlega öruggt farartæki. Megi nota orðið „farartæki“- hér.

Til eru dæmi þess að mastur skips hafi snert yfirborð hafs í veltu en skipið rétt sig aftur við og ekkert skeði um borð nema kannski að allt í borðsal umbreytist í glundroða af látunum og allur matur meira og minna markaður á vegg. Leiðindaatvik að lenda í og allt það en ekkert þannig séð alvarlegt sem við þetta skeður. Eftir að allt hafði verið tekið til, þrifið og vaskað, eru ummerkin vellturnar hvergi að sjá og menn setjast aftur til borðs og snæða sína fæðu, ropa og fá sér á eftir kaffi og sumir einnig „sígó.“ Á þessum tíma er til siðs að menn reyki hvar sem þeir standa eða sitja. Borðsalur? Hví ekki?

Mann eftir einni mjög djúpri hliðar veltu um borð í síðutogaranum Maí GK 346 sem þá er leggja í ferð yfir til Þýskalands í söluferð með 260 tonna stórufsa afla í lestunum og skipið tekur svona dýfu á bakborða að allt hreinsast af borðum borðsalarins og kokkarnir nýbúnir að bera þangað inn matinn og áhöfnin, 32 menn, á leið í sinn mat. Inni mætti þeim ekki dekkað borð með kjöti, sósu, Grænum baunum og sultu (hrásalat er óþekkt á Íslandi á þeim tíma og enn lítið á allt svoleiðis sem hreint kanínufóður) heldur allt á öðrum endanum og kokkar og þeir sem mættir eru í sal að hamast við að sópa fæðunni saman og fleygja í ruslið og þrifa gólf og vegg. Mikill atgangur. Ekkert skemmtiverk en eitt af því sem skeður í vissum kringumstæðum og vondu veðri, eins og gekk yfir á þessum andartaki. Eftir atganginn settust menn eins og ekkert hafi skeð og átu nægju sína og ljóst að kokkurinn hefur eldað g ríflega skammtað að þessu sinni. Pottarnir héldust kyrrir eldavélinni. Ekki minnst ég neins annars en að allir áhafnarmeðlimir hafi etið nægju sína þrátt fyrir hitt sem skeði um þetta kvöldmatarleytið.

Skip er ótrúleg smíði. Það þolir mikið og er traust og gott fíkti menn bara ekki við stöðugleikanum sem svolítið var um að gert væri en er fyrir löngu aflagt. Enda versti ósiður.

Á til að mynd vetrarvertíðum var hið algenga að vera með fisk á hillum í 70 sentímetra hæð frá lestarbotni. Vinnuhagræðið er augljóst en ekki eins gott fyrir stöðugleikann. Með þessum hætti rann fiskafli hveirrar stíu beint ofan í löndunarmálið á steisnum. Engin þældi í stöðugleika hvort sem var á netavertíð eða síldarvertíð. Það er að segja er síldveiðar hófust aftur eftir stöðvunina frá áramótum 1971 til hausts 1975. Þá var síldarafli bátanna oftast ísaður á hillur. Mann í aðeins eitt skipti að skipstjóra líst ekki nema í meðallagi á hvernig bátur sinn hagar sér og skipar okkur að hleypa síldinni niður í botn hveirrar stíu. Sem vitaskuld var gert. Minnir að þessi einstaklingur hafi dregið við sig svarið er menn gerðu bátinn kláran til veiða og spurðu skipstjóra hvort ekki væri í lagi að útbúa lestina hillum en hann heimilar en getur þess jafnframt að við verðum þá að vera tilbúnir til að hleypa henni allri niður í botn, meti hann þörfina á þann veg og skeði í þetta eina skipti á minni sjómennskutíð sem mögulega er haustið 1981 eða 1982.

Margt er merkilegt kringum hvalveiðar okkar Íslendinga sem ein þjóða orðið erum að rembast við að fanga stórfiskinn og koma afurðinni í verð. Á alla sölu möguleika hefur verið lokað nema hjá Japönnum sem einir þjóða kaupa svona kjöt, eftir því sem mér skilst. Má vera að Japanir veiði ennþá hval. Held samt ekki en þekki ekki.

Merkilegt er hvernig hægt sé að kippa grundvelli undan ævagamalli atvinnugrein heillar þjóðar af hreinni tilfinningasemi fáeinna manneskja. Stöðvun hvalveiða er engin meirihluta vilji þessarar þjóðar. Fjarri lagi.

Allt þetta merkilega samt bliknar í samanburði við það að enn skuli Íslensk stjórnvöld í raun og veru vera tvístígangi í afstöðu sinni til þessara veiða og enn draga fæturna og gæta þess vandlega að menn veitti tví stiginu fulla eftirtekt. Og málið heldur áfram að vera á stigi óvissu með raunverulega enga framtíðarsýn og kannski og kannski ekki þælingunni. Engin vitglóra er í neinu svona.

Afstaða Íslenskra yfirvalda að þessu leiti er röng sem og að taka ekki af skarið og annað hvort leyfa veiðarnar áfram eða hreinlega banna þær. Þetta heitir „Að taka af skarið.“- Má vera að ferðamaður kveinki sér undan þessum veiðum. Ætli samt obbi ferðamanna sem hingað komi styðji þær ekki með sér sjálfum og eða hafi enga einustu skoðun á þeim. Kæmi ekki á óvart.

Annars eru andstæðingar svona mála oft furðu fundvísir á að finna þennan eina sem vill engar hvalveiðar og er tilbúin að tjá sig um andstöðu sína við til að mynda fjölmiðla, sem og gera viðkomandi að samnefnara fyrir afstöðu allar annarra ferðamenn sem til landsins koma. Einhverjir þrír eru spurðir og tveir af þeim andstæðingar. Yfirlýsingin í kjölfarið er: „Mikill meirihluti Íslendinga er andstæðir hvalveiðum.“- Og ferðamannaiðnaðurinn á Íslandi gerir í brækurnar af ótta vegna niðurstöðunnar og sjálf gjaldeyrisöflunin verið sett í uppnám. Enda með skuldir sem teygja sig upp til himins og menn eitt sinn nefndu „Spilaborg.“-

Hvalastofnar eru stofnar til að veiða og nýta en ekki til að láta vera.

Sjálfur, að dæmi sé tekið, minnst ég ekki hvals rétt undan höfninni í Hafnarfirði alla mína ævidaga en heyrði um, eins og margir aðrir, að nokkrir hvalir hafi komið þangað og svamlað rétt við hafnargarðanna inn í Hafnarfjarðarhöfn og líklega fundið sér þar eitthvað að éta. Nokkrum dögum síðar hurfu þeir sína leið.

Gæti þetta bent til þess að fæða þeirra fari minnkandi þarna í höfunum af fjölguninni einni? Allt líf hefur tilhneigingu til að fjölga sér. Og það fjölga sér og hver einstaklingur þarf sinn daglegan skammt fæðu. Til að þetta jafnvægi viðhaldist er eitt nauðsýnlegt. Veiðar manna og inngríp. Og markaður fyrir vöru þessa helst opin.

Hrein skömm er hvernig að þessum hvalveiðiumálum og solumálum hvalafurða hefur verið staðið og að þeim skuli hafa verið leyft að fjara út og verða nánast að engu. Eins og er í dag. Svona er ekki merkt neinni visku.

Umfram allt annað að þá þurfa íslensk stjórnvöld að gera upp við sig hvað þau vilji gera í þessum efnum og vita að ekkert rangt sé við hvalveiðar Íslendinga frekar en þorsk, síld, loðnu, kolmuna og eða ýsuveiðar og karfaveiðar Íslendinga. Allt þetta er fyrir okkur sem þjóð og hennar að breyta yfir í verðmæti. Þau eru þarna til þess en okkar að bera okkur eftir björginni.

Margt hefur breyst frá 1950 er Sambandinu er afhent stærsta skip Íslendinga. Nafn skipsins er Hamrafell. Það er 16, 700 tonna íslenskt olíuskip sem sem gert hefur verið út í fjögur ár áður en Sambandsmönnum er afhent skipið. Frú Margrét Helgadóttir, eiginkona Erlends Einarssonar, þáverandi forstjóra Sambandsins, eru viðstödd afhendinguna og gefur frú Margrét skipinu nafnið Hamrafell. Heimahöfn er Hafnarfjörður og kom skipið þangað reglulega fullhlaðið olíu sem dælt er í tanka á Holtinu í Hafnarfirði um leiðslum sem liggja meðfram Nýja hafnargarðinum og teygja sig upp í þessa tanka. Lengi vel eru tankarnir tákni í Hafnarfirði en eru horfnir þaðan fyrir allmörgum árum. Margir eldri íbúar stór-Reykjavíkursvæðisins muna ef til vill eftir olíuskipinu Hamrafelli sem þar lá reglulega í allmörg ár. Hamrafell er með heimahöfn í Hafnarfirði vegna þess að höfnin þar er hafna dýpst í landinu.

Er Hamrafell kemur fyrsta sinn til heimahafnar í Hafnarfirði í september 1956 er áhafnar tala skipsins 40 manneskjur til að sinna þeim verkum sem gera þarf um borð. Í þá daga er skip um leið möguleiki sjómanna til að ráða sig um borð og starfa á, jafnvel árum saman. Skip á þessum árum eru einnig nokkuð fjölmennur vinnustaður en þó ekki fleiri en störfin um borð kalla eftir.

40 manneskjur þurfa að vera til staðar til að dekkja allar stöður á stærsta skipi Íslendinga Hamrafellinu 1956. Samanber síðutogari með sína 32 kalla um borð. Síðutogarar landsins, átt við nýsköpunar skipin, skipta samtals tugum, að togarafлотinn í heild hefur verið með stærstu vinnustöðum á Íslandi á þessum tíma. Sama gildir um íslensk farskip sem bjóða á milli 30 og 40 manneskjum störf á hvert kaupskip á þessu árabili. Margt er breytt þó ekki sé allt til bóta.

Á þessum tímum er hugsunin hér á landi að skaffa sem flestu fólki atvinnu. Aukning í skipaflotanum gefur sumu af því tækifæri á að starfa til sjós. Á þessum árum er öll vinna sem þarf innt af hendi af áhafnar meðlimum sjálfum og mest allt sem gera þarf gert af sjálfri áhöfninni sem sér um að halda skipinu við og skrapaði og málaði, þússaði, smurði og skóf, þrífur innanskips og utan, og siglingin oft notuð til þess arna. Leyfði veður og sjólag. Í höfnum auðvitað sinntu menn losun og lestun farms.

Skoði maður myndir frá þessum tíma má sjá grúa manneskja á dekki á siglingunni að sýsla eitthvað þar og í matsalnum tugir manna þar saman til að matast og mettast. Í eldhúsi starfa nokkrir kokkar, aðstoðarkokkar og messaguttar, sem og er ein staðan. Bara í eldhúsinu. Vélarrúmið hafði og nokkurn mannskap sem samanstóð af vélstjórum, kyndurum, þeir fengu síðar nafngiftina "Smyrjari"- eftir að olían kom í kola stað á gufuknúnum skipum. Hvort það

merkt fækkun í áhöfn kemur ekki á óvart að sé niðurstaðan. Á þessum árum kostar nokkuð að reka skip og fer stór hluti beint í að greiða fólki laun. Besta mál. Til þess er allur atvinnurekstur.

Allt þetta er breytt með allskonar tækninýjungum, svo sem viss vinnuhagræðing, en hinu samt ekki að leyndu að hefur sent meginpart sjómanna landanna í land og skip ekki lengur fyrst og fremst atvinnutækifæri fólks og vinnandi handa heldur meira tekjuöflunar leið rekstraraðila með von um góðar og miklar hagnaðartölur í reikningi útgerðar. Gróðin þarf þó að vera með.

Þetta fyrirkomulag, eins og ég sé málið, er stærsta afturförin. Í mínum huga er atvinna landanna til að fólk geti starfað og fengið laun af verkum eigin handa. Þessu hefur vélvæðingin til sjós og lands rutt svolítið mikið út. Og svo sem aukið afköst sem í dag gerist með æ færri höndum og fólk ekki lengur í fyrirrúmi hvað starf áhrærir. Sem gerir hvað? Það fer á opinberar bætur og er reiknings hagfræði nútímans, sem sumar þjóðir stynja undan.

Hvaða íslenska kaupskip í dag hefur 40 manna áhöfn bara til að fylla allar stöður? Ekkert. Hef heyrt að á sumum fiskiskipum séu starfandi tvær áhafnir sem skiptast á. Það er ekki sama og hitt. Auðvitað viðurkennum við að vélvæðing eykur afköst en sjáum ekki fólkið sem hefur ekki tækifæri á nokkru starfi. Hve mikið atvinnuleysi ætli sé í löndum heims beint vegna vélanna?